

# SKÓLAREGLUR 2019 – 2020

## **SÉRREGLUR DEILDA**

SAMÞYKKT 12.06.2019

## EFNISYFIRLIT

<b>Hönnunar- og arkitektúrdeild</b>	<b>2</b>
<b>Listkennsludeild</b>	<b>6</b>
<b>Myndlistardeild</b>	<b>7</b>
<b>Sviðslistadeild</b>	<b>8</b>
<b>Tónlistardeild</b>	<b>10</b>

# HÖNNUNAR- OG ARKITEKTÚRDEILD

## Námsframvinda í BA námi

Nemandi getur ekki færst á milli ára nema hafa lokið samtals 48 einingum á skólaárinu sbr. 19 gr. í skólareglum.

- Nemandi þarf að ljúka að minnsta kosti 22 einingum á önn til að eiga rétt til að halda áfram námi á næstu önn.
- Hver nemandi er ábyrgur fyrir framvindu eigin náms, ef námsárangur er ekki fullnægjandi samkvæmt námsskrá ber nemandi skylda til að hafa samband við deildarfulltrúa/ fagstjóra og fara yfir möguleika á endurupptöku eða aðra tilhögun náms.
- Nemendum er óheimilt að skrá sig úr skyldunámskeiði en ef þeir hafa athugasemd við lokaeinkunn, námshluta eða verkefniseinkunn þarf að tilkynna slíkt innan 5 virkra daga frá birtingu einkunnar.

## Einkunnir

- Fyrirkomulag einkunna er ýmist þannig að nemandi fær staðið/fallið í námskeiðishlutum og lokaeinkunn námskeiða eða þá að einkunn er gefin á bilinu 1-10.
- Ef nemandi skilar verkefni of seint gildir sú almenna regla að dregið er niður um 0,5 fari skil fram yfir einn dag en 1,0 fyrir hvern dag eftir það. Kennarar geta þó sett sérákvæði um þetta í hverju námskeiði fyrir sig. Reglur um þetta þurfa að liggja fyrir í upphafi námskeiðs, vera kynntar í kennsluáætlun og birtar á innri vef skólans (Myschool).

## Mæting

Mætingaskylda er í öllum námskeiðum í BA námi, sjá nánar í 20. gr. skólareglna þar sem segir m.a: „Ef fjarvistir nemandi, þ.m.t. vegna veikinda, fara umfram 20% af heildarfjölda kennslustunda í viðkomandi námskeiði telst hann fallinn í námskeiðinu. Sé um að ræða sérstakar og óviðráðanlegar aðstæður getur nemandi sótt um undanþágu frá þessari reglu til viðkomandi fagstjóra.“

- Ef nemandi fellur á mætingu í einstaka námskeiði missir hann rétt sinn til að taka lokapróf eða skila lokaverkefni í því námskeiði. Nemandinn á ekki rétt á endurupptöku verkefna í því námskeiði.
- Ef nemandi fellur á mætingu í einstaka námskeiðishluta á hann sömuleiðis ekki rétt á endurupptöku á verkefni í þeim námskeiðishluta.
- Nemandi sem fellur á mætingu í einstaka námskeiði þarf því að skrá sig á námskeiðið að nýju og standast mætingarskyldu.

## Námskeiðshlutar

- Námskeiðum getur verið skipt upp í námskeiðshluta og setur fagstjóri reglur um það hvort nemandi þurfi að ná öllum námskeiðshlutum eða hvort meðaltal gildi. Reglur um þetta þurfa að liggja fyrir í upphaf hverrar annar og vera sýnilegar á bæði ytri og innri vef.
- Áður en námskeið hefst verður að liggja fyrir hversu margir námskeiðshlutar námskeiðið felur í sér, þessar upplýsingar eiga að vera aðgengilegar á bæði innri og ytri vef. Fagstjórar sjá um að senda deildarfulltrúa þessar upplýsingar sem svo birtir þær.
- Innan hvers námskeiðs geta verið ólík verkefni og setur umsjónarkennari námskeiðs reglur um það hvort nemandi þurfi að fá lágmarkseinkunn (5,0) í öllum verkefnum til að ná námskeiðinu eða hvort að meðaleinkunn gildir. Þessar reglur þurfa að liggja fyrir í upphafi hvers námskeiðs og vera aðgengilegar á innri vef (myschool). Deildarfulltrúi sér um að skrá þessar upplýsingar í samráði við umsjónarkennara námskeiðs.

## Sérverkefni/endurupptökuverkefni

Greinarmunur er gerður á sérverkefnum og endurupptökuverkefnum:

- Nemendur sem uppfylla ekki einingafjölda að loknu skiptinámi, hafa misst úr skyldunámskeið vegna skiptináms, eða vantar af öðrum ástæðum ákveðin skyldunámskeið geta fengið að vinna sérverkefni. Fagstjóri metur hvort nemandi eigi rétt á að vinna sérverkefni og ræður leiðbeinanda til að fylgja nemanda eftir í slíkt sérverkefni
- Nemendur sem falla í námskeiði eiga rétt á endurupptöku í einstaka verkefnum eða námskeiðshlutum. Athugið þó að þetta á ekki við um nemendur sem hafa fallið á mætingu í námskeiði eða einstaka námskeiðshlutum. Fyrirkomulag endurupptöku er skipulagt í samtali við fagstjóra.
- Í bæði endurupptökuverkefnum og sérverkefnum er venjan sú að gefa nemendum staðið eða fallið fyrir verkefnaskil.

## Starfsnám og alþjóðleg námskeið

- Fagstjóri metur starfsnám, áður en starfsnám liggur fyrir þarf fagstjóri að fara yfir starfsnámssamning og samþykkja hann.
- Nemandi þarf að skila inn staðfestingu á starfsnámi, umfangi þess og lengd ef meta á starfsnámið á námsferli.
- Nemendur geta fengið CIRBUS, NBAA og KUNO námskeið sem þeir sækja á vegum skólans metið til eininga. Skriflegt samþykki fagstjóra þarf að liggja fyrir áður en námskeiðið hefst. Að námskeiðinu loknu skilar nemandi gögnum um námskeiðið og staðfestingu á að hann hafi lokið því. Námskeiðið verður þá metið í samræmi við áður undirritað samkomulag.

- Einingar fyrir alþjóðleg námskeið á vegum CIRRUS, NBAA og KUNO eru skráð inn á námsferil en koma ekki í stað skyldueininga. Þátttaka í slíku námskeiði kemur hins vegar á móti fjarveru í námskeiði sem á sér stað á sama tíma við LHÍ.

### **Skiptinám**

- Nemendur geta farið í skiptinám í gegnum Erasmus kerfið í eina önn á 2. ári í náminu. Í undantekningartilvikum geta nemendur fengið framlengingu á skiptinámi um eina önn. Til þess þarf skriflegt leyfi deildarforseta.
- Nemendur þurfa samþykki fagstjóra til að fá að fara í skiptinám. Samþykki ræðst af námsframvindu og hversu margir sækja um að fara í skiptinám frá hverri braut.
- Óski nemandi eftir að framlengja Erasmus nám sitt erlendis eða fara í skiptinám á haustönn á 3. ári þarf að sækja sérstaklega um það til fagstjóra námsbrautar og deildarforseta.
- Nemendur sem eru í skiptinámi en uppfylla ekki einingakröfur eftir námið þurfa að skrá sig í námskeið til að bæta upp einingafjölda, í samráði við fagstjóra eða deildarfulltrúa.
- Venja er að meta skiptinám í samræmi við þau námskeið og skiptingu á tegund námskeiða, á þeirri önn sem nemandi var í skiptinámi.
- Ekki eru metnar fleiri en 30 ECTS eftir skiptinám.

### **Metnar einingar frá fyrra námi**

- Við upphaf náms á 1. ári getur nemandi lagt fram gögn um fyrra nám og óskað eftir því að fá það metið. Öllum gögnum þarf að skila fyrir 1. október sama ár og nám við hönnunar- og arkitektúrdeild hefst. Ekki er hægt að óska eftir því að fá fyrra nám metið eftir 1. október á 1. námsári.
- Matsferli eininga frá fyrra námi fer í gegnum námsstjóra og fagstjóra viðkomandi brautar.
- Metnar einingar geta bæði verið skyldueiningar og valeiningar eftir því sem við á, fagstjóri leggur mat það.

### **Útskriftarverkefni**

- Til að mega skrá sig í útskriftarverkefni þarf nemandi að hafa lokið öllum öðrum skylduáföngum í vinnustofu. Hægt er að sækja um undanþágu til fagstjóra námsbrautar varðandi þetta ákvæði ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi. Undanþágubeiðni þarf að berast fagstjóra fyrir lok haustannar á síðasta skólaári.
- Útskriftarverkefni lýkur með prófdæmingu.

- Nemandi þarf að vera skuldlaus við skólann til að fá að fara í prófdæmingu.
- Standist nemandi ekki prófdæmingu, sjá 22. grein í skólareglum.
- Nemandi þarf að standast prófdæmingu til að vera þátttakandi í útskriftarsýningu.
- Matsnefnd ber að tilkynna nemanda hvort hann hafi staðist prófdæmingu áður en uppsetning á útskriftarsýningu hefst. Einkunn þarf þó ekki að liggja fyrir.

### **Ritgerð til BA prófs**

Til að mega skrá sig í ritgerð til BA prófs þarf nemandi að hafa lokið öllum skylduáföngum í fræðum fyrir 1. og 2. ár og hafa þar að auki lokið námskeiðinu *Undirbúningur fyrir lokaritgerð*. Hægt er að sækja um undanþágu til fagstjóra fræða varðandi þetta ákvæði ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

# LISTKENNSLUDEILD

## Námsframvinda

Miðað er við að nemandi ljúki að jafnaði 60 einingum á námsári, eða sem nemur 30 einingum á misseri. Nemandi getur að hámarki lokið 66 einingum á einu námsári.

Í aðfararnámi er fyrsta árið miðað við reglur um nám á BA stigi. Nemendur geta lokið að hámarki 72 einingum á einu skólaári. (sjá nánar í 19. gr. í skólareglum)

Nemandi getur verið viðstaddur einstaka tíma/fyrirlestra/námskeið án þess að fá einingar ef kennari viðkomandi námskeiðs samþykkir.

## Námsferill og ábyrgð

Nemendur eru skráðir í skyldunámskeið og skrá sig sjálfir í valnámskeið. Það er á ábyrgð nemenda að skyldu- og valnámskeið séu rétt skráð samkvæmt námsferli og að láta deildarfulltrúa vita ef breytinga er þörf.

Deildarfulltrúi listkennsludeildar veitir aðstoð varðandi skipulagningu náms og námsframvindu. Vilji nemandi ská sig úr námskeiði þarf hann að gera það að minnsta kosti tveimur vikum eða 10 virkum dögum áður en námskeið hefst.

Óski nemendi eftir því að breyta námsframvindu sinni skal hann senda tölvupóst á deildarfulltrúa þar sem hann tiltekur þær breytingar sem óskað er eftir. Þetta nær til breytinga s.s. að fara úr hálfu námi í fullt eða öfugt, aðrar breytingar á hlutfalli í námi, breytingu á einingafjölda lokaverkefnis, ósk um að skipta um braut/ deild o.fl.

## Lokaverkefni

Ef prófdómara þykir ástæða til, getur hann farið fram á að nemandi breyti eða geri lagfæringar á verkefni. Nemandi gerir slíkar lagfæringar í samvinnu við leiðbeinanda sinn og skilar lokaútgáfu verksins innan tveggja vikna frá vörn eða í seinasta lagi 10 dögum fyrir útskrift.

Ef að nemandi stenst ekki lágmarks kröfur sem gerðar eru til meistaraverkefna á nemandi kost á að endurgera verkið. Ef að endurgerð verksins telst ekki fullnægjandi hefur nemandi fallið í verkefninu.

## Mæting

Almennt gildir reglan um 80% mætingu. Í undantekningar tilvikum má víkja frá henni vegna sérstakra aðstæðna. Skal það gert í samráði við kennara viðkomandi námskeiðs og fagstjóra.

# MYNDLISTARDEILD

## Námsframvinda í BA-námi

Miðað er við að nemandi hafi lokið 112 einingum til þess að fara áfram á 3. ár. Miðað við það þarf nemandi að ljúka 34 einingum á hvorri önn á 3. ári (ath. að samkvæmt skólareglum LHI eru 36 einingar hámark á önn).

Til þess að komast áfram á 3. ár skulu nemendur hafa lokið 34 fræðaeiningum (ekki eiga fleiri en 18 fræðaeiningum ólokið).

Grunnreglan í myndlistardeild er að til BA prófs skuli ljúka 128 vinnustofueiningum og 52 fræðieiningum. Mögulegur sveigjanleiki í þessu er 50/130.

Til þess að fara í lokaverkefni á 6. önn þá þarf nemandi að hafa lokið námskeiðinu Vinnustofur prófessora á 5. önn. Námskeiðið skiptist í þrjá hluta og má nemandi ekki hafa fallið í fleiri en einum hluta.

Samkvæmt skólareglum LHÍ hefur nemandi að hámarki 4 ár til þess að ljúka BA námi. Ef að nýta á þetta svigrúm er það vinnuregla í myndlistardeild að nemendi sé þá tvö ár á 2. ári.

Taka skal stöðu allra nemenda um áramót milli 3. og 4. annar með tilliti til þess hvort þeir munu fara áfram á 3. ár um haustið. Einnig skal ferlið við ritgerðarsmið vera hafið á 5. önn.

## Námsframvinda í MA-námi

Að jafnaði er miðað við almennar skólareglur LHÍ: Nemandi skal ljúka að lágmarki 48 einingum á ári til þess að flytjast á milli ára.

## Skiptinám

Miðað er við að farið sé í skiptinám á 3. eða 4. önn í BA námi og 2. önn í MA námi.

Skiptinemar sem koma í myndlistardeild fara á 2. ár í BA námi og 1. ár í MA námi.

## Útskriftarsýning

Til að taka þátt í útskriftarsýningu þarf nemandi að vera skuldlaus við skólann.



# SVIÐSLISTADEILD

## Námsmat og lokaverkefni

Námsmat fer fram gegnum leiðsagnarmat og viðtöl þar sem lögð er rík áhersla á sjálfsmat nemandans. Notuð eru viðmiðin *staðið* eða *fallið*. Hæfniviði námskeiða liggja til grundvallar mati í hvert sinn. Námsmatið er kynnt sérstaklega í upphafi náms við deildina og í upphafi hvers námskeiðs.

Leiðsagnarmat fer fram jafnóðum yfir námstímann með leiðbeiningum, samtölum, hópumræðum eða á því formi sem hentar í hverju námskeiði.

Í lok námskeiðs eða námskeiðshluta fer fram námsmatsviðtal. Fyrir samtalið skrifar nemandinn *greinargerð* eða *hugleiðingu* um námskeiðið og skilar til kennara. Í greinargerðinni/hugleiðingunni gerir nemandinn upp vinnu sína í námskeiðinu/námskeiðshlutanum, m.a. á grundvelli *hæfniviðmiða*. Kennarinn undirbýr samtölin á samsvarandi hátt. Nánari upplýsingar um framkvæmd námsmats er í verkferli deildar.

Í einstaklingsverkefnum á sviðshöfundabraut, bæði á 2. og 3. ári, er skipuð utanaðkomandi matsnefnd. Slíkt hið sama á sér stað í lokaverkefnum sviðshöfunda, samtímadansara og leikara. Mat nefndarinnar á sér stað í gegnum áhorf á sýningar út frá fyrirfram gefnum forsendum, samtali við nemendur um verk þeirra og skrif umsagnar (sjá verkferil og forsendur mats vegna einstaklings- og lokaverkefna).

Nemandi fellur á námskeiði standist námsframvinda hans og verkefni ekki hæfniviði viðkomandi námskeiðs.

Við útskrift fá nemendur afhentan vitnisburð sem inniheldur skriflega umsögn um námsárangur þeirra í heild ásamt hæfniviðmiðum brautarinnar.

## Starfsnám/skiptinám á sviðshöfundabraut

Nemendur á sviðshöfundabraut geta einungis farið í starfsnám eða skiptinám á 4. eða 5. önn. Nemendur verða að vera mættir til náms í LHÍ í janúar á 6. önn (lokaönn námsins).

Einungis er tekið við skiptinemum á sviðshöfundabraut á 4. og 5. önn.

## Starfsnám/skiptinám á sviðshöfundabraut og á alþjóðlegri samtímadansbraut

Þegar nemendur fara í starfsnám innanlands þarf að gera sértæka samninga milli viðkomandi listamanns/stofnunar, sviðslistadeildar og nemandans.

### **Skil á verkefnum**

Verkefnum skal skila í gegnum innra net skólans. Ekki er tekið við verkefnum sem skilað er í gegnum tölvupóst.

Skila skal verkefnum á tilsettum skiladögum. Ekki er tekið við verkefnum sem skilað er of seint. Sjái nemandi fyrir að hann muni ekki ná að skila verkefni á settum tíma (vegna alvarlegra veikinda eða persónulegra aðstæðna) getur hann haft samband við kennara áður en skilafrestur rennur út og óskað eftir fresti. Ef nemandi hefur ekki samband áður en skilafrestur rennur út og skilar ekki verkefni á tilsettum tíma, fellur hann á verkefninu.

### **Siðareglur leiðbeinenda**

Ef leiðbeinandi gerirst brotlegur við siðareglur sviðslistadeildar er stuðst við viðbragðsáætlanir LHÍ vegna kynbundinnar og kynferðislegrar áreitni og ofbeldi og einelti.

# TÓNLISTARDEILD

Hausttónleikar á 3. önn og 5. önn nemenda í bakkalárnámi í hljóðfærleik og söng gilda sem stöðupróf. Eftir þá fara nemandi, fagstjóri og deildarforseti yfir stöðu nemanda og leggja mat á hvort nemandi skuli stefna á útskrift eftir 6, 7 eða 8 anna nám.

Forfallist nemandi í einkatíma ber kennara ekki skylda til þess að bæta tímann upp.

## Aukahljóðfæri

- Allir nemendur sem lokið hafa miðprófi á eitthvert hljóðfæri eða í söng geta sótt um áframhaldandi nám sem aukahljóðfæri/söng. Reiknað er með 30 mín. kennslustund á viku. Hvorki er boðið upp á meðleik, né gert ráð fyrir framkomu á tónleikum í námi á aukahljóðfæri.
- Ekki er boðið upp á byrjendakennslu á hljóðfæri, nema að kennsluskra kveði svo um.
- Nemendur geta sótt um byrjendakennslu í söng ef sýnt era ð söngurinn nýtist nemanda í námi og/eða starfi.
- Ekki er gert ráð fyrir að nemendur hafi fleiri en eitt aukahljóðfæri/söng (gildir ekki um hljóðfærakennarabráut).
- Um allar undantekningar á þessum reglum þarf að sækja til deildarforseta tónlistardeildar.

## Sérverkefni

- Nemendur tónlistardeildar geta sótt um að fá sérverkefni metin til eininga. Undir sérverkefni fellur tónlistarflutningur, námskeið og verkefni sem nýtast með beinum hætti í náminu.
- Ekki eru veittar fleiri en 2 ECTS á önn nema í undantekningartilfellum.
- Umsóknir fyrir sérverkefni verða að berast fyrir lok þeirrar annar sem verkefnin eru unnin.
- Ekki er unnt að meta sérverkefni á milli almanaksára.

*Samþykkt á framkvæmdaráðsfundi 12.06.2019*